

Ed.

135. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913 um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

3. grein orðist svo:

Landssjóður leggur líka til sjóðsins 20,000 krónur á ári, er teljast með árstekjum hans.

2. gr.

4. grein orðist svo:

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til að koma upp einu eða tveimur nýjum strandgæsluskipum, er notuð verði til að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hvenær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans skuli varið til þessara varna.

3. gr.

7. grein orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.